



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Spænska – 2. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og læra nemendur ný orð og málnotkun í gegnum sögur og lög sem tengjast hverju þema. Í 2. bekk byggja nemendur ofan á fyrri þekkingu sína á tungumálinu í eftirfarandi þemum: Algengar kveðjur og líðan, litir, tölur upp í 20, hlutir í skólastofunni, hrekkjavakan, matur, fjölskyldan, hefðir í kringum jól og áramót, orðaforði í tengslum við árstiðir, dýr og byggingar. Einnig gera nemendur samvinnuverkefni í spænsku og ensku í tengslum við Evrópska tungumáladaginn, þakkargjörðarhátíðina (þakklæti) og Valentínusardaginn (vinátta). Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

### Matsviðmið

#### Frásögn

Nemandi getur talið upp í 20.

Nemandi getur sagt hvernig ákveðinn hlutur er á litinn.

Nemandi getur sagt hvort hann sé svangur eða þyrstur.

Nemandi getur sagt hvað honum líkar og líkar ekki (t.d. í tengslum við mat).

#### Lesskilningur

Nemandi getur lesið þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið.

Nemandi getur tengt orðaforða við myndir.

#### Meningarlæsi

Nemandi getur sungið einföld barnalög á tungumálinu.

#### Námshæfni

Nemandi þekkir orðaforða yfir hluti í skólastofunni.

Nemandi þekkir orðaforða yfir ýmis dýr og útlit þeirra.

Nemandi getur unnið verkefni sem einstaklingur, í þörum og hópum.

#### Ritun

Nemandi getur skrifað einfaldan orðaforða og setningar út frá námsefni.

#### Samskipti

Nemandi getur notað algengar kveðjur.

Nemandi getur spurt og svarað um líðan.

**Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.  
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi.

**Námsmat**

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og verkefni sem nemendur hafa unnið. Símat fer fram yfir veturinn í gegnum Mentor.

*Yfirfarið og uppfært af tungumálateymi í október 2024.*